

Sunnudaginn 11. desember kom fjallskilastjórn saman til fundar að Staðarbakka kl. 20.30. Mættir voru Heiðar Þór Gunnarsson, Rafn Benediktsson og Böðvar Sigvaldi Böðvarsson. Rafn formaður stýrði fundi og Böðvar Sigvaldi ritaði fundargerð.

Dagskrá.

1. Álagning fjallskila. Fjallskilaskilt er allt sauðfé og hross veturgömum og eldri. Þó eru undanþegin 5 hross á lögbýli enda gangi þau í heimahögum. Ákveðið var að hækka verð á einingu um rúm 3%. Þá verður álagning á sauðfé 90 kr og og hross 630. Álagning á landverð 1.8% af fasteignamati. Lambsverð ákveðið 13.600. Leiga fyrir hesthús á Bjargarstöðum hækkuð um rúm 3%. Rafn gerði grein fyrir samkomulagi um leigu á safngirðingarlóð og lóð undir nýbyggt hesthús á Húki.

2. Umræður um viðhald á heiðargirðingum, hólfum og vegum. Þá er orðið mjög brýnt að fara í viðhald á Miðfjarðarrétt.

3. Tímasetning á göngum og réttum. Vilji er til þess að halda sig við það fyrirkomulag sem nú er viðhaft og fara af stað í göngur fyrsta fimmtudag í september.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 00.08

Böðvar Sigvaldi Böðvarsson

Heiðar Þór Gunnarsson

Rafn Benediktsson

